

Stjórnarfundur GHG 18. desember 2013 kl. 17:15

Mættir voru: Auðunn Guðjónsson formaður, Össur Friðgeirsson, Þorsteinn Ómarsson, Ásta Ásgeirsdóttir, Sigrún Arndal, Alfreð Maríusson, Ólafur Ragnarsson varamaður fyrir Pál Sveinsson sem hafði boðað forföll og Kristinn Daníelsson, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

- Fram kom að fundargerð aðalfundar er í vinnslu.
- Stjórn samþykkir að fundargerðir aðalfunda, félagsfunda og stjórnarfunda, fari á heimasíðu.

2. Innheimta félagsgjalda.

Kristinn fór yfir framkvæmdina undanfarin ár. Ákveðið að hafa sama fyrirkomulag núna þ.e. árgjald 2013 gildir ef greitt er fyrir 4. feb. 2014. Tilkynna skal fyrir 15. jan. 2014 ef óskað er greiðsludreifingar sem getur annað hvort verið greiðsludreifing í 3 mán. með greiðsluseðlum eða greiðsludreifing allt að 6 mán. með kreditkorti samkv. gjaldskrá. Ef ekkert af þessu er valið verður sendur greiðsluseðill fyrir öllu gjaldinu. 5.000 kr. inneign í skála verður innheimt með félagsgjöldum og er enginn afsláttur veittur af henni.

3. Skipan í nefndir – seinni umræða – afgreiðsla.

Farið yfir tillögur um skipan nefndarmanna. Allar tillögur samþykktar. Stjórnskipaðar nefndir eru því eftirfarandi:

Vallarnefnd: Össur Friðgeirsson, formaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Morten Geir Ottesen.

Mótanefnd: Þorsteinn Ómarsson, formaður, Erlingur Arthúrssen, Arnar Geir Helgason, Alfreð Maríusson, Ólafur Dór Steindórssen, Birgir Steinarsson Busk, Gunnar Ingi Þorsteinsson.

Forgjafar- og laganefnd: Alfreð Maríusson, formaður, Sigurður Hlíðar Dagbjartsson, Margrét Jóna Bjarnadóttir.

Barna- og unglínganefnd: Páll Sveinsson, formaður, Jóna Guðjónsdóttir, Sigurður Jónsson.

Kvennanefnd: Sigrún Guðný Arndal, formaður, Ásta Björg Ásgeirsdóttir, Helga Svanlaug Bjarnadóttir og Rakei Árnadóttir.

Húsnefnd: Alfreð Maríusson, formaður, Morten Geir Ottesen, Steindór Gestsson.

Afreksnefnd: Auðunn Guðjónsson, formaður, Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir og Gunnar Marel Einarsson.

Útbreiðslu- og skemmtinefnd: Ásta Björg Ásgeirsdóttir, formaður, Harpa Rós Björgvinsdóttir, Guðmundur Erlingsson og Birgir Steinarsson Busk.

Fjármálateymi: Auðunn Guðjónsson, formaður, Össur Friðgeirsson, gjaldkeri og Kristinn Daníelsson, framkvæmdastjóri.

4. Starfsáætlanir nefnda – framhaldsumræða (stefnt að afgreiðslu í janúar).

Ákveðið að nefndarformenn fundi með sínu nefndarfólki fyrri hluta janúarmánaðar og fari yfir starfsáætlun nefndarinnar. Starfsáætlun allra nefnda verður lögð fyrir stjórnarfund seinni hluta janúar til umræðu og samþykktar. Fjármálateymi þarf að funda og fara yfir fjárhagsáætlun og klippa liði niður á umsjónarmenn.

5. Þúttmótaröð.

Síðasta mótið verður 21. desember.

Þúttmótaröð eftir áramót. Formaður mótanefndar kom með tillögu um opna þúttmótaröð.

Mótaröðin mun verða í umsjón mótanefndar og mótanefnd og framkvæmdastjóri munu sjá um auglýsingu og kynningu sameiginlega. Samþykkt.

Í framhaldi fór Þorsteinn lauslega yfir þær hugmyndir um mót og mótaraðir sem hann er kominn með fyrir sumarið 2014.

6. Gamlársdagur.

Ef veður leyfir verða spilaðar 9 holur á vellinum í Gufudal. Annars þúttmót og eitthvað annað í Hamarshöll og svo flatkökur með hangikjöti og rúgbrauð með kæfu í golfskálanum. Þessi atburður verður í umsjón skemmti- og útbreiðslunefndar.

7. Staða samninga við samstarfsaðila.

Samkvæmt upplýsingum frá Kristni eru óvenjumargir samningar lausir eða að losna en nokkrir í gildi. Sigrún kom með tillögu um að Kristinn gerði lista yfir samstarfsaðila og eðli hvers samnings þ.e. hvað fælist í hverjum samningi og gildistíma hvers samnings. Samþykkt. Rætt um viðbótarsamning við Hveragerðisbæ varðandi störf Hafsteins vallarstjóra fyrir Hveragerðisbæ þ.e. útköll í vondum veðrum vegna Hamarshallar. Ekki enn ljós um hvað er að ræða. Nauðsynlegt að samningar séu skriflegir. Einnig rætt um möguleika á að leigja Hveragerðisbæ litlu gröfuna.

8. Önnur mál.

Næsti fundur. Össur óskar eftir að stjórnarfundur um fjármálin verði haldin sem fyrst. Á þeim fundi verði málin rædd og ákvörðun tekin um hvert skal stefna. Svo hægt verði að vinna eftir þeirri stefnu. Fundartími ákveðinn þriðjudaginn 14. janúar kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:37

Fundarritari: Sigrún Arndal